

A 1750/presidiet

**Flytjandi** Flokkahópur vinstri sósíalista og grænna  
**Afgreiðsla** Forsætisnefndin

## Þingmannatillaga um kjarnorkuafvopnun á alþjóðavettvangi

### Tillaga

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að þær skuldbindi sig til að vinna að kjarnorkuafvopnun á alþjóðavettvangi;

að þær kanni hvort Norðurlöndin og norðurskautssvæðið geti orðið kjarnorkuvopnalaus svæði;

að þær undirriti samning Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum.

### Aðdragandi

Kjarnorkuvopn eru hættulegustu gereyðingarvopn sem mannkynið hefur skapað. Alþjóðasamfélaginu hefur til þessa hvorki tekist að stöðva útbreiðslu kjarnorkuvopna né að fá kjarnorkuvopnaríkin til að afvopnast. Þess í stað er milljörðum varið í að nútímavæða og þróa kjarnavopn. Rannsóknir hafa sýnt svo ekki verður um villst að skortur er á viðbragðsáætlun til að taka á afleiðingum kjarnorkuvopna. Það er heldur ekki mögulegt að koma á neinni slíkri viðbragðsáætlun. Ef kjarnorkuvopnabúr heimsins væri notað hefði það skelfilegar afleiðingar fyrir mannkynið um ómælda tíð.

Afstaða ESB til kjarnorkuvopna einkennist í dag af stefnuleysi. Kjarnorkuvopn eru til staðar í nokkrum evrópskum ríkjum – Stóra-Bretlandi, Frakklandi, Belgíu, Þýskalandi, Ítalíu og Hollandi. Um leið og lögð er áhersla á mikilvægi samningsins gegn útbreiðslu kjarnorkuvopna, setja menn ekki spurningamerki við þá staðreynd að tvö aðildarríki ESB, Stóra-Bretland og Frakkland, ráða sjálf yfir og þróa kjarnorkuvopn. Þetta gerist þrátt fyrir að samningurinn kveði á um að kjarnorkuvopnaríkin hafi skuldbundið sig í kjölfar hans til að hætta allri notkun kjarnorkuvopna. Auk þess hafa Bandaríkin komið fyrir kjarnorkuvopnum í mörgum ríkja ESB. Bandarísku kjarnorkuvopnunum er ekki bara komið fyrir á landsvæði þessara ríkja, þeim er einnig hægt að beita af viðkomandi ríki ef til styrjaldar kemur. Þetta brýtur greinilega í bága við samninginn gegn útbreiðslu kjarnorkuvopna, sem inniheldur bann við því að færa stjórn yfir kjarnorkuvopnum frá kjarnorkuvopnaríkjum til ríkja sem hafa ekki kjarnorkuvopn.

Aukin spennan á Eystrasaltssvæðinu hleypir nýju lífi í málið, ekki síst fyrir Norðurlöndin. Spennan í samskiptum Rússlands og NATO getur skapað hættu á aukinni trú á fælingarmátt kjarnorkuvopna með eftirfarandi hervæðingu og



ógnarjafnvægi. Slík þróun væri hörmuleg fyrir forsendur friðar og öryggis í Evrópu og í heiminum.

Stundum er vísað til samningsins gegn útbreiðslu kjarnorkuvopna, (Non-Proliferation Treaty, NPT), sem tryggingar fyrir því að kjarnorkuvopnalöndin muni ekki flytja kjarnorkuvopn til ríkja sem hafa ekki yfir kjarnorkuvopnum að ráða. Samningurinn gegn útbreiðslu kjarnorkuvopna felur í sér að bara fimm ríkjum – Bandaríkjunum, Rússlandi, Frakklandi, Stóra-Bretlandi og Kína – er heimilt að hafa kjarnorkuvopn. Þau mega þó ekki deila þessum kjarnorkuvopnum með öðrum og að auki er þess vænst að þau afvopnist, en það hefur bara gerst í mjög takmörkuðum mæli. Samningurinn kveður líka á um að önnur ríki sem eru aðilar samningsins skuldbindi sig til að hafna kjarnorkuvopnum.

Þýðir þetta að þessi skuldbinding banni innflutning kjarnorkuvopna? Samkvæmt II. gr. samningsins gegn útbreiðslu kjarnorkuvopna ætti svarið sennilega að vera já. Vandinn felst í að Natóríkið Bandaríkin hefur aðra túlkun. Af hálfu Bandaríkjanna telja menn að kjarnorkuvopn megi flytja til landsvæða ríkja án kjarnorkuvopna án þess að teljast vera flutt þangað, svo lengi sem kjarnorkuvopnaríkið hefur áfram fulla stjórn á þeim. Á þennan hátt hafa Bandaríkin komið fyrir kjarnorkuvopnum í Hollandi, Þýskalandi, Belgíu, Ítalíu og Tyrklandi, en haldið stjórn á þeim. Það er athyglisvert að þetta er heldur ekki talið stríða gegn samningnum gegn útbreiðslu kjarnorkuvopna af ríkisstjórnnum hlutaðeigandi ríkja.

Þó eru til ríki sem hafa tekið ótvíræða afstöðu í löggjöf sinni. Finnland er fyrirmynd hvað þetta varðar. Í kjarnorkulöggjöf Finna frá 1987 stendur skrifað undir fyrirsögninni „Kjarnahleðslur“ skýrt og skilmerkilega í 4. gr.: „Það er óheimilt að flytja kjarnahleðslur til Finnlands, sem og að framleiða á staðnum, eiga og sprengja slíkar hleðslur.“ Nýja Sjáland hefur líka, þrátt fyrir andmæli Bandaríkjamanna, samið slík lög að frumkvæði þáverandi ríkisstjórnar undir forystu Verkamannaflokksins og árið 1987 voru samþykkt löggin „the New Zealand Nuclear Free Zone, Disarmament, and Arms Control Act.“

Það eru ekki til nein manngerð kerfi sem eru algjörlega örugg. Við þekkjum til nokkurra tilvika þar sem rangar upplýsingar hefðu getað haft afdrifaríkar afleiðingar og í versta falli verið upphaf kjarnorkuvopnastyrjaldar. Skortur á öryggi, úr sér gengin tölvukerfi, misskilningur og óöryggi hefur margoft verið nálægt því að hrinda af stað kjarnorkuvopnaárás frá meira en einu ríki. Gölluð tölvuflaga og norsk tilraunaeldflaug fyrir veðurrannsóknir eru tvö dæmi um atvik sem bæði voru mjög nærri því að valda kjarnorkuvopnaárás.

Kjarnorkuvopn eru einu geryðingarvopnin sem enn eru ekki bönnuð samkvæmt alþjóðalögum. Stuðningurinn við slíkt bann er þó mikill. Til þessa hafa meira en 127 ríki undirritað mannúðarheitið *the Humanitarian Pledge* – frumkvæði um að banna algjörlega kjarnorkuvopn. Sameinuðu þjóðirnar samþykktu samninginn um bann við kjarnorkuvopnum 7. júlí 2017 og samningurinn var opnaður til undirritunar 20. september 2017. Til þessa hafa 53 ríki undirritað samninginn.



Þrátt fyrir að Norðurlöndin vilji kynna sig sem sáttamiðlara í heiminum hefur ekkert Norðurlandanna enn undirritað samninginn. Svíþjóð var eina ríkið á Norðurlöndum sem greiddi atkvæði með samningnum.

Friðarverðlaun Nóbels árið 2017 hljóta samtök sem berjast gegn kjarnorkuvopnavá, *ICAN (International Campaign to Abolish Nuclear Weapons)*, fyrir vinnu þeirra að kjarnorkuvopnalausum heimi. Með öðrum orðum er í hæsta máta viðeigandi fyrir Norðurlöndin að tala sínum sterka og trúverðuga rómi með kjarnorkuafvopnun. Sem kjarnorkuvopnalaus ríki verðum við að gera öllum ljóst að við tökum alþjóðalög og mannúðarsjónarmið mjög alvarlega.

Reykjavík, 19. september 2017

*Christian Juhl (EL)*  
*Christian Poll (ALT)*  
*Håkan Svenneling (V)*  
*Iddimanggiu Jensen Bianco (IA)*

*Paavo Arhinmäki (vänst)*  
*Steingrímur J. Sigfússon (VG)*  
*Torgeir Knag Fylkesnes (SV)*